

# Reglur

## um sérkröfur til skólabifreiða

### 1. gr. Markmið

Reglur þessar eru til þess fallnar að stuðla að auknu öryggi í akstri skólabarna, einkum grunnskólabarna. Gera ber auknar gæða- og tækniröfur til bifreiða sem notaðar eru til slíks aksturs.

### 2. gr. Gildissvið

Með skólaakstri í reglum þessum er átt við skipulagðan akstur milli heimilis og grunnskóla, sem og akstur á skólatíma sem tengist hver kyns skóla- eða frístundastarfi og er á vegum skóla, íþrótta- eða sveitarfélags.

Skólabifreið telst sú bifreið sem fær skráningu í ökutækjaskrá sem slík.

### 3. gr. Öryggi og búnaður skólabifreiða

Skólabifreið skal búin þriggja festu rúlluöryggisbelti í öllum sætum.

Hæð frá miðri setu sætis og upp að efri brún höfuðpúða skal ekki vera minni en 700mm.

Skólabifreið skal vera útbúin upphækkunarsessum fyrir þau skólabörn sem eru lægri en 135 sm á hæð og uppfylla að öðru leyti kröfur í reglugerð um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007 með síðari breytingum.

Skólabifreið skal búin sjúkrakassa og slökkvitæki sem skal vera merkt fastanúmeri bifreiðarinnar. Fjöldi og staðsetning fer eftir ökutækjaflokki.

Séu dyr á vinstri hlið skólabifreiðar sem er hópbifreið, þurfa þær að vera þannig útbúnar að ekki sé hægt að opna þær nema þegar bifreiðin er kyrrstæð. Ef um fólksbifreið er að ræða, skal tryggt að barnalæsing sé höfð á vinstri hurð eða hurðum bifreiðarinnar.

### 4. gr. Merkingar

Bifreið til skólaaksturs skal vera búin sérstökum merkjum sem sýna þá notkun og skulu þau vera sýnileg og auðlesanleg. Bifreiðin skal bera merki, annað hvort af tegund I eða II:

Merki af tegund I: Merki fyrir skólabifreið skal vera ferningur, 40-60 sm hver hlið, með gulum endurskinsgrunni og 2,5-4 sm breiðri rönd án endurskins á brúnum. Á merkinu skal vera 29-35 sm há svört tákmynd eins og á umferðarmerki A 11.11 (börn). Á efri hornum merkisins skal vera ljósker fyrir rauðgult blikkandi ljós og skal blikktíðni vera að lágmarki 60 leiftur á mínútu. Styrkur ljóssins skal vera nægur til að það sjáist greinilega, einnig að degi til, án þess að vera til óþæginda. Ljósflötur ljóskersins skal vera hringlaga, 7-10 sm í þvermál. Á merki eða festingum þess skulu ekki vera skarpar eða útstæðar brúnir sem gætu valdið auknu tjóni í umferðaróhappi. Merki skulu vera vel fest og þau mega hvorki hylja skráningarmerki né lögboðinn ljósabúnað. Merki skal vera fest framan og aftan á ökutækið.

Merki af tegund II: Á bifreið sem ekki verður komið fyrir skólamerki að framan, er heimilt að hafa eitt merki á þaki að því gefnu að sýnileiki skiltisins (og ljósanna) framan- og aftan við ökutækið sé óskertur. Stærð merkisins skal vera 25-60 sm hver hlið, með gulum endurskinsgrunni og 2-4 sm breiðri rauðri rönd án endurskins á brúnum. Á merkinu skal vera 20-35 sm há svört tákmynd eins og á umferðarmerki A 11.11 (börn). Á efri hornum merkisins skal vera hringlaga 4-10 sm ljósker fyrir rauðgult blikkandi ljós og skal blikktíðni vera að lágmarki 60 leiftur á mínútu. Styrkur ljóssins skal vera nægur til að það sjáist greinilega, einnig að degi til, án þess að vera til óþæginda. Merkið skal vera vel fest á þak ökutækisins og má það ekki

hylja annan lögboðinn ljósabúnað, s.s. TAXA-merki. Merkið má vera á löm þannig að hægt sé að fella það niður í akstri, að því gefnu að það sé notað skv. 5. gr. reglna þessara.

5. gr.

*Notkun merkja og tenging*

Þegar skólabifreið er notuð í öðru skyni en í skólaakstri, skulu merkin tekin af bifreiðinni, felld niður eða þau hulin.

Rofa fyrir blikkljós skal komið þannig fyrir að ökumaður geti auðveldlega beitt honum. Rauðgult viðvörunarljós sem sést vel úr sæti ökumanns skal blikka þegar blikkljósinn eru í notkun. Viðvörunarljósið skal vera þannig tengt að það geri ökumanni viðvart ef ekki kviknar á blikkljósunum.

Þegar bifreið er notuð til að flytja skólabörn skal kveikja á blikkljósunum u.þ.b. 100 m frá viðkomustað og slökkva á þeim um leið og ekið er frá viðkomustaðnum. Í öðrum tilvikum skal vera slökkt á ljósunum.

6. gr.

*Reglubundin skoðun skólabifreiða*

Fólksbifreið og hópbifreið í undirflokki III eða B geta hlotið skráningu sem skólabifreið að uppfylltum kröfum í reglum þessum. Bifreið sem hlotið hefur skráningu sem skólabifreið skal gangast undir árlega aðalskoðun sem og árlega leyfisskoðun, skv. leyfisskoðunarhandbók sem Samgöngustofa gefur út.

7. gr.

*Undanþága til bráðabirgða*

Samgöngustofu er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 1. mgr. 3. greinar, fyrir hópbifreið í undirflokki III eða B sem fékk leyfisskoðun sem skólabifreið fyrir gildistöku þessara reglna, ef bifreiðin er búin tveggja festu rúlluöryggisbeltum. Undanþágu skal ekki veita eftir 31. desember 2020.

8. gr.

*Lagastof og gildistaka*

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, með síðari breytingum. Þá fellur brott reglugerð um merki á skólabifreiðum nr. 279/1989 með áorðnum breytingum við gildistöku þessara reglna.